

ípróttamanna um land alt og þeir hvattir til að iðka ípróttir sínar af kappi, svo náð verði sem best um árangri. Verða síðan þeir menn úr fjelögum innan vjebanda í. S. í. sem líklegastir þykja í hverri í. þrótt teknir til sjerstakrar iðkunar og sendir, ef fært þykir, til leikanna. Aðeins þeir verða sendir sem best eru að sjer í hverri íprótt, því að til fararinnar verður vand- að eftir því sem frekast er kostur.

Til þess að nefndin geti leyst verk sitt af hendi svo að til gagns megi verða, þarf hún að safna skýrslum um ípróttaiðkanir um allt land. Hún þarf að fá nákvæmar fregnir af öllum ípróttamótum, ínanfjélaga-kappleikum og öðrum mótum, þar sem ípróttir eru háðar. Nefndin þarf og að fá fregnir frá öllum ípróttafjelögum um starfrækslu þeirra og ef einhverir meðlimir þeirra hafa náð góðum árangri í einstökum ípróttum, þar á meðal í íslenskrum glímu.

Nefndin vill ná samvinnu við fjelögin og er reiðubúin að gefa allar upplýsingar um rjetta iðkun hvernar ípróttar og um tilhögun leikmóta, svo að náð verði sem bestum árangri.

Þetta er sú hlið á starfi nefndarinnar, sem gengur í þá átt að fá hafa menn til þátttöku í ýmsum ípróttum á leikunum.

Hin hlið starfsins er sú, að safna fje sem nægilegt sje til þess að greiða allan kostnað sem af förinni kann að leiða. Nefndinni er því ekki einhlýtt að fá styrk og fylgi allra ípróttamanna, henni er ekki síður nauðsyn að njóta velvildar og aðstoðar allra landsmanna. Málefni þetta er allri þjóðinni viðkomandi og stefnir að því að auka sæmd hennar og orðstýr með öðrum þjóðum.

Nefndin leyfir sjer því í fyrsta lagi, að skora á öll ípróttafjelög landsins og öll þau fjelög, sem að einhverju leyti fást við ípróttir, að gera nú þegar ráðstafanir til að lífga starf sitt sem mest og glæða áhuga meðlima sinna fyrir ípróttum. Hálfnað er hafið starf. Það tekur langan tíma að gerast góður ípróttamaður og næst aðeins með lengri iðkun og eindregnum áhuga. Þó að leikarnir eigi ekki að fara fram fyr en 1924, veitir ekki af að nota tímann og nota vel. Nefndin skorar enn fremur á fjelögin, að senda sjer nákvæmar fregnir um störf sín og árangur, eins og að framan er getið, það ljettir henni starfið til þess að undirbúa og velja menn til leikanna. Þess er einnig vænst að fjelögin sendi sem flesta keppendur á leikmót þau, sem haldin verða í Reykjavík í sumar.

Nefndin heitir einnig á alla landsmenn til styrktar þessu málefni fjárhagslega, svo að ípróttamenn þjóðarinnar þurfi ekki vegna fjárskorts að sitja heima, er þeir hafa á löngum tíma með mikilli fyrirhöfn og einbeittum áhuga eft sig og gert sig hæfa til þátttöku á leikunum. Til þess þarf mikið fje, en nefndin treystir því, að landsmenn reynist þessu málefni svo örlátir, að ekki skorti fje til fararinnar. „Olympíusjóður Íslands“ tekur við öllum gjöfum og áheitum í þessu skyni og stílist það til gjaldkera nefndarinnar. Hugi skyldi hika við að senda gjafir sínar þótt smáar sj. Hver

peningur sem látinn er í þenna sjóð, gengur til þess að auka sæmd og orðstýr Íslendinga með öðrum þjóðum.

Reykjavík, 15. febrúar 1922.

Olympíunefnd í. S. í.

Ágúst Jóhannsson. A. J. Bertelsen. Ben. G. Waage. Björn Ólafsson. Guðm. Kr. Guðmundsson (gjaldk.) Helgi Jónasson. Magnús Kjaran. Magnús Stefánsson. Ól. Sveinsson. Pjetur Sigurðss. Steind. Björnsson. Sigurjón Pjetursson.

Drekvirki Fr. Nansens.

Sennilega má segja það frekar með sanni um Friðþjóf Nansen en nokkurn annan samtíðarmann hans á Norðurlöndum, og jafnvel víðar, að hann sje skapaður til þess að sigrast á örðugleikum. Hann hefir elskað baráttuna og kosið sjer örðugleikana allt sitt líf. Og hann hefir sigrað.

Nú er hann að berjast við hungurdaðann í Rússlandi og hefir vantað það vopnið, sem gagnlegast er: peningana. Hann hefir mætt mótspyrnu hjá þeim sem hann vænti hjálpar. En hann ætlar sjer að sigra samt.

Um nýársleytið var hann heima í Kristjaníu og fara hjer á eftir nokkrir drættir úr erindi því, er hann flutti þar um starfsemi sína:

Ástæðan til eyðarinnar er vitanleg — þurkarnir brendu frjósumustu hluta landsins. Í Volgahjeradinu hafa 22 miljónir orðið fyrir hallærinu, við Svartahafið 5 miljónir og 4 miljónir í öðrum landslutum. Tölurnar eru ekki nákvæmar, en það eru áreiðanlega 27—30 miljónir manna í hættu. Ennþá erfiðara er að segja um, hve margt af þessu fólki líði beinlínis hungur, en varlega áætlað eru það um 15 miljónir og af þeim deyja 10—12 af hjálp kemur eigi bráðlega.

Ef hjálpin hefði komið strax í haust, mundu allir hafa bjargast. Nú hafa tímar líðið, hundruð þúsunda hafa dáðið og það er óhjákvæmilegt að fólk deyji svo miljónum skiftir. En samt er ekki of seint að hjálpa, því að enn má bjarga mörgum ef björg fæst. Einkanlega þarf rúgmjöl í brauð. Ein smalest af rúgi getur haldið lífinu í 10 manns þangað til uppskeran kemur. En svo vantar líka útsæðiskorn til vorsins. Ef eigi fæst útsæði dýnur sama hörmungin yfir næsta haust. Einnig þarf að halda við samgöngutækjunum frá járnbrautarstöðvunum: halda lífinu í hestunum. Til þess þarf 20 dollara fyrir heitinn. Annars er farið að nota úlfalda til flutninganna, þeir eru ekki nærri eins þurftarfrekir.

Það er ekki stjórinn rússneska, sem á sök á hörmungunum. Hjálpin frá Evrópu styrkir ekki sovjetstjórnina í sessi. Og þótt svo væri: hver vill offra 20—30 miljón mannlífum fyrir deilu um stefnur. Nei, ástæðan er, eins og áður er sagt, þurkurinn. Það hafa verið halleri í Rússlandi fyr en nú. Verst var árið 1891, en það var hje-gómi hjá því sem nú er. Við þetta bætist, að landið hefir átt í ófriði í sjö ár og borgarastyrjöldin valdið ómetanlegu tjóni í þessum hjeruðum. Vegna hafnbannsins hafa bændur ekki getað keypt vinnuvjalar. Og afurðakröfur stjórnarinnar hafa gert mikið ógagn og þess vegna hefir skattur verið settur í staðinn.

Hvað hefir stjórinn gert sjálf til þess að bæta úr neyðinni? Alt sem hún gat. Hún hefir keypt meira útsæði en hægt var að búast við, 195 þús. smalestir, sem nærir í 73% af því landi, er sáð var í í fyrra. En að visu var það ekki nema hellingur

eða þriðjungur af akurlendi því, sem sáð var í fyrir stríðið. Þá hefir stjórinn gert áætlanir um mikla hjálp við sáninguna í vor og sent peninga, einn miljard rúblur, sem að visu er ekki mikið. En auk þess hefir hún gengist fyrir brauðúthlutum í hallerishjeruðunum. Hungurnefnd stjórnarinnar hefir þó viðurkennt, að það væri stjórnninni algerlega um megu að veita viðunnum hjálp og heitið á líðsinni einstaklinga, sem hafa brugðist mjög vel við, og sýnt hina mestu fórnafysi.

Alt þetta er í rauninni ekki annað en peningaspursmál. Við báðum stjórni ríkjanna í Evrópu um 5 miljón sterlingspund, álíka upphæð eins og þarf til að fæða eina „batalion“ af hermönnum í eitt ár. En stjórnnir vildu hvorki, gátu nje þorðu. Og margir hafa unnið á móti okkur. Viða hefir okkur komið styrkur bæði af opinberu fje og frá einstökum mönnum. Það er alt ágætt, en við þurfum meira. Ameríkumenn hafa lofað 20 miljón dollurum gegn 10 miljón frá sovjetstjórninni og hún hefir tekið þessu. Vilja stjórnnir Evrópu horfa upp á að Ameríkumenn bjargi Evrópu?

Hershöfðingjar hafa öldum saman hlotið orðstýr, að sama skapi meiri, sem þeir hafa verið duglegri að drepa menn. Nöfn þeirra eru feitletruð í sögunni. Hjer er maður, sem berst gegn dauðanum og vill vinna sjer orðstýr á því að bjarga mönnum frá dauða. Skyldi saga komandi tíma verði rituð þannig, að hans verði minst sem meiri manns en hinna?

Fjárhagsár ríkissjóðs.

Flutningsmaður frumvarpsins um breyting fjárhagsársins, Jón Þorláksson, gerir grein fyrir því á þessa leið:

Eins og nú er háttáð um fjárhagsár ríkissjóðs, sem er almanaksárið, og samkomutíma Alþingis, sem er 15. febrúar ár hvert, líða nærfelt 3 ársfjórðungar frá því að fjárlög eru fullsamin og til þess er þau ganga í gildi. Á þessa 3 ársfjórðunga falla nærfelt allar verklegar framkvæmdir heils árs, og á því tímabili tilfalla svo að segja allar útflutningsafurðir ársins. Öll afkoma hins líðandi árs í verslun og atvinnuvegum er því óþekt og að ýmsu leyti ófyrirsjáanleg þegar fjárlög næsta árs eru í smíðum. En þá gefur það að skilja, að öll afkoma atvinnuveganna á því ári, sem verið er að semja fjárlög fyrir, er gersamlega hulin. Þess vegna hljóta allar áætlanir um tekjulíði fjárlaganna að verða mestmegnis getgátur einar, og Alþingi hlýtur að vera í mjög mikilli óvissu um það, hve miklar verklegar framkvæmdir það má ætla ríkissjóði á fjárhagsári því, sem fjárlögin eiga að gilda fyrir.

Annar ókostur fylgir því og, að láta þannig framkvæmdatímabil heils árs vera á milli þingtímans og fjárhagsárs þess, sem fjárlög þingsins eiga að gilda fyrir. Hann er sá, að þetta eykur mjög líkurnar fyrir fjárveitingum í fjáruka-lögum. Þetta stafar annars vegar af því, að ástæður geta hafa breyst á hinum langa tíma frá því fjárlög líðandi ársins voru samin og þar til þau gengu í gildi, og getur því verið fram komin nauðsyn

fyrir fjárveitingar, sem ekki var fyrirjáanleg þegar fjárlögin voru samin, slíkar fjárveitingar verða þá venjulega teknar upp í fjáruka-lög á því þingi, sem starfar í byrjun fjárhagsársins, en of seint þá að draga úr öðrum fjárveitingum fjárlaganna til að jafna þann halla. Hins vegar má og búast við því, enda nokkur reynsla þar um fengin, að bæði einstakir menn og hjeruð, sem telja sig þurfa einhverra fjáruframlaga úr ríkissjóði, sækja það allfast að fá veitingarnar teknar upp í fjáruka-lög, svo að til nota eða fram-framkvæmda geti komið á því sama ári, fremur en að fá þær teknar upp í fjárlög og bíða eftir þeim til næsta árs. En miklar veit-ingar í fjáruka-lögum eru hættu-legal fyrir fjárhag ríkissjóðs, og er því nauðsynlegt ag finna og taka upp slíka tilhögun, að til aukafjárveitinga þurfi sem minst að koma.

Tiltækilegast virðist að ráða bót á þessum annmörkum núverandi tilhögunar með því að láta fjárhagsárið byrja rjett um þinglokin, eða laust eftir þau. En til þess þarf annaðhvort að breyta fjárhagsárinu eða þingtímanum eða hvorutveggja. — Hjer er stungið upp á að láta fjárhagsárið byrja 1 apríl. Þá eru ársfjórðungaskifti og er það að sumu leyti hentugt. Framkvæmdir ársins eru þá ekki byrjaðar að einu ráði, og því engir verulegir ammarkar á tilhöguninni að því er snertir reiknings-skil fyrir fr.mkvæmdum ríkissjóðs. En það mundi valda allmiklum óþægindum í þessu efni, ef fjárhagsáramóin væru seinna að vorinu eða sumrinu.

Tíminn frá 15. febr., sem nú er samkomudagur Alþingis, og til 1. apríl, mun þykja nokkuð naumur til afgreiðslu og staðfestingar fjárlaganna, og þyrfti þingið því að koma saman nokkru fyr en nú er. Samkvæmt 31. gr. stjórnarskrárinnar getur konungur kvatt reglulegt Alþingi saman hvenær sem er á tímabilinu frá 1. jan. til 15. febr. án þess að lagaboð komi til, og hefir því ekki þótt þörf á að taka neitt ákvæði um breytingu á samkomutíma alþingis upp í þetta frum-varp.

Til þess að koma breytingunni á, má annaðhvort byrja með einu fjárhagsári, er tæki yfir 5 árs-fjórðunga, eða þá byrja með fjárhagsári, er tæki einungis yfir einn ársfjórðung. Fyrnefnda aðferðin virðist naumast vera sam-rýmanleg við 38. gr. stjórnarskrárinnar, því að þá yrði að halda eitt reglulegt þing, án þess að fjárlög yrðu afgreidd frá því, og þess vegna er hjer stungið upp á að telja tímabilið 1. jan. til 31. mars 1924 eitt fjárhagsár og yrðu þá fjárlög fyrir það tímabil sam-ir á alþingi 1923.

Dómsmálafjettir.

Sveinn Björnsson f. h. eigenda sk. Ruthby gegn Geo. Copland.

Með samningi 18. júní 1918 seldi Emil Strand, þá skipamiðl-

ari í Reykjavík, í umboði eiganda sk. Ruthby, stefnda skip þetta á leigu til að fara til Ibiza og sækja þangað saltfarm. Var farmgjaldið ákveðið 190 krónur fyrir hverja afhenta smalest af salti og 12 dagar voru áskildir til fermingar og affermingar, en aukabið-gjald 300 krónur á dag. — Skipið kom til Ibiza 23. október 1918 og tilkynti skipstjórnin firm-anu „Salinera Espanola“ í Ibiza 25. sm. komu sína og að hann væri reiðubúinn að taka við farmi í skipið, en ekki var tekið að ferma skipið fyr en 12. des. og var fermingunni lokið 14. des. Kom skipið með farminn til Hafnarfjarðar seint í febr. 1919 og gerði þá nefndur skipamiðlari og fulltrúi leigutaka upp skipsleigu-na 28. sm. eftir að uppskipun salts-ins, sem tók fjóra daga, hafði farið fram.

Þrátt fyrir þessa uppperð, sem var athugasemdarlaus af hálfu skipamiðlarans, taldi skipseigandi sig eiga þessar kröfur á hendur leigutaka: Bætur fyrir 41 aukabiðdag á 300 kr., kr. 12300, og 674 kr. 96 a. fyrir vangoldna fragt af farminum, þar sem greidd var fragt eftir 1016 kg. tonn í stað 1000 kg. Höfðaði hann mál fyrir sjóðómi Reykjavíkur til greiðslu þessara upphæða ásamt vöxtum og málskostnaði. Hjelt stefnandi því fram, að firmað „Salinera Espanola“ hafi verið farmsendandi þegar það fjekk tilkynninguna frá skipstjóranum á Ruthby 25. okt. 1918 og að biðdaga skipsins hafi átt að telja frá 26. sm. Stefnur neitaði því hinsvegar að hafa feng-ið nokkra vitneskju um hvar Ruth-by væri stódd fyr en 8. des. s.á., og neitaði því einnig að „Salinera Espanola“ hafi farið með umboð sitt til að sjá um farm í skipið fyr en eftir að hann hafði leitað þess við firmað eftir 8. des. Um farmgjaldið hjelt stefnandi því fram, að venja væri í saltflutningum að reikna 1000 kg. tonn, þessu neitaði stefnundur auk mál-inu með dómi sjórjettarins 14. febr. f. á. með algerðri sýknum stefnda, er var dæmdur 100 kr. málskostnaður. Þótti sjóðóminum sannanir bresta fyrir báðum kröfu-liðum stefnandans.

Stefnandi skaut þessum dómi til hæstarjettar og mætti þar af hendi hans hrj.mflm. Pjetur Magnússon en af hálfu stefnda flutti B. P. Kalman málið, og voru af beggja málsaðila hálfu lögð fyrir hæstarjett ný skjöl og sönnunargögn.

Var í hæstarjetti 30. f. m. upp-kveðinn í málinu svofeldur dómur: Krafa áfrýjanda um vangoldið farmgjald kr. 674.96 verður eigi tekin til greina, þegar af þeirri ástæðu að miðlari skipsins, sá hinn sami, er gerði farmsamninginn, hefir 28. febr. 1919 samþykkt út-reikning stefnda á farmgjaldinu athugasemdalaust, en þar er gjald-ið miðað við 1016 kg. þunga á tonni, og verður að telja þetta samþykki næga sönnun þess, að samningsaðiljar e: miðlari skips-ins og stefndi, hafi í umræddum farmsamningi miðað farmgjaldið við enskt tonn, þótt það hafi ekki verið tekið sjerstaklega fram í samningnum.

Viðvíkjandi kröfu áfrýjanda um